

HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR

„Borg er byggð. Og byggð er borg.“¹

Inngangur að þema

„Borgin og bókmenntirnar
eiga sér óaðskiljanlega sögu“²

Í *Ritinu* að þessu sinni er sjónum beint að birtingarmyndum borga í öllum sínum óendanlega margbreytileika. Eins og fjallað er um í greinunum sem hér birtast eru borgir í senn bjóðandi, ógnandi, seiðandi og fráhrindandi. Sumar eru vel skipulagðar á sama tíma og aðrar birtast sem flækjukennd óreiða – rétt eins og sjá má á forsíðumynd Serge Comte. Skáld og rithöfundar, fræðimenn og listakonur hafa fjallað um borgir og borgarsamfélög um aldir. Í kvæðinu „Tuttugu línur um borgina“ segir Bragi Ólafsson: „Heil borg/ fellur ekki af himnum ofan/ og fær um leið nafn eins og Höfðaborg eða Grosní./ Borg er byggð. Og byggð er borg.“ Hann bætir svo við: „Og þess vegna er Reykjavík.“³

Um tiltekinn hluta Reykjavíkurborgar fjallar Sigurlín Bjarney Gísladóttir í örsögu sinni „Vestur Ártúnsbrekku á þarfasta þjóninum“ og segir: „[...] mér finnst ég stödd í ókunnugri borg í öðru landi. Svona borg sem er eins og skrímsli, dreifir úr sér um allt og sjóndeildarhringurinn ekkert nema

¹ Bragi Ólafsson, „Tuttugu línur um borgina“, *Ljóð í leiðinni*, Reykjavík: Meðgöngu-
ljóð, 2013, bls. 15.

² „The city and the literary text have had inseparable histories“. Richard Lehan, *The City in Literature: An Intellectual and Cultural History*, Berkeley: U of California Press, 1998, bls. 289.

³ Bragi Ólafsson, „Tuttugu línur um borgina“, bls. 15. Sjá enn fremur bækur Guð-
jóns Friðrikssonar, *Saga Reykjavíkur: Bærim vagnar 1870–1940*, Reykjavík: Iðunn, 1991–1994, rit Þorleifs Óskarssonar, *Saga Reykjavíkur – í þúsund ár: 870–1870*, Reykjavík: Iðunn, 2002 og skrif Eggerts Þórs Bernharðssonar, *Saga Reykjavíkur 1940–1990: Borgin*, Reykjavík: Iðunn, 1998, *Undir bárujárnsboga: Braggalíf í Reykjavík 1940–1970*, Reykjavík: JPV-útgáfa, 2013, *Sveitin í sálinni: Búskapur í Reykjavík og myndun borgar*, Reykjavík: JPV-útgáfa, 2014 og fleiri rit.

hús. Og ég finn hvernig aksturslag forfeðranna seytlar um æðar mér. Mér finnst ég keyra traktor eftir troðningum. [...] Samstundis þykkar móskan í skímunni og ég finn aksturslag miðalda krauma í mergnum.“⁴

Í Ártúnsbrekkunni birtast þannig, ekki einasta vatnaskil borgarhluta og hverfa, heldur einnig sögulegs tíma og almannarýmið sem vísað er til verður „opið rými sem tilheyrir öllum“, eins og Hjálmar Sveinsson og Hrund Skarphéðinsdóttir komast að orði í bók sinni *Borgin – heimkynni okkar. Ritgerð*.⁵ Þau gera borgina sem samastað manna að sérstöku umtalsefni og segja: „Borgirnar eru almannarými. Veröldin er almannarými.“ [...]:

Opinbert rými er almenningseign eins og hafið, andrúmsloftið, skógarnir og sólin. Það nýtur umhyggju og verndar samfélagsins. Enginn getur lifað án þess og allir tilheyra því, þjófar jafnt sem dúfur, það er rýmið þar sem allir geta mæst óhindrað, það er líka rými ímyndunarafslins þar sem hægt er að vera enginn og allir. Það er rýmið sem við nefnum veröldina.⁶

Og þessi veröld, óbyggðir hennar, dreifbýli og þéttbýli hafa verið fræðimönnum uppspretta rannsókna um aldir. Í inngangi að bók sinni *Félagsfræði rótfestunnar: Kenningar um uppruna og eðli borgarsamfélagsins*, sem út kom í íslenskri þýðingu árið 2007, veltir Enrique del Acebo Ibáñez, félagsfræðiprófessor við Salvador og Buenos Aires háskóla í Argentínu, því fyrir sér hvað hugtakið borg feli í sér og hvert hlutverk íbúa hennar sé.⁷ Hugleiðingar hans sækja efnivið í kenningar þekktra evrópskra félagsfræðinga og fræðimanna á borð við Ferdinand Tönnies, Emile Durkheim, Georg Simmel, Oswald Spengler, René König og Henri Lefebvre.

Acebo rekur sögu byggðapróunar frá örófi alda til okkar daga og kemst að þeirri niðurstöðu að með tilkomu vestrænna stórborga hafi byltingarkennd skref verið stigin frá hugmyndum um hefðbundið borgarsamfélag. Miðsókn valds hafi haft áhrif á útpenslu jafnt sem samdrátt borga. Vöxt borga segir hann haldast í hendur við þenslu ríkjandi neysluhagkerfis

⁴ Sigurlín Bjarney Gísladóttir, „Vestur Ártúnsbrekku á þarfasta þjóninum“, *Fjallvegir í Reykjavík*, Reykjavík: Nykri, 2007, bls. 21.

⁵ Hjálmar Sveinsson og Hrund Skarphéðinsdóttir, *Borgin – heimkynni okkar: Ritgerð*, Reykjavík: Mál og menning, 2017, bls. 9.

⁶ Sama rit, bls. 9.

⁷ Enrique del Acebo Ibáñez, *Félagsfræði rótfestunnar: Kenningar um uppruna og eðli borgarsamfélagsins*, ritstj. Helgi Gunnlaugsson og Hólmfríður Garðarsdóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007. Helga eru færðar þakkir fyrir yfirlestur inngangs.

og útskýrir að svokölluð „fjöldamenning“ verði til vegna breytinga á hlutverki rýmis. Öfgakennd einstaklingshyggja í átökum við fjöldamenningu eigi sér upphaf í borginni. Hann leggur áherslu á að borgina beri að skilja sem lifandi samastað og þróun borgarsamfélagsins telur hann nátengda þróun hins vestræna menningarheims. Formgerðir þess hafa breyst frá því að einkennast af samstöðu og rótfestu til vaxandi afskiptaleysis, einstaklingshyggju og rótleysis.⁸ Þannig færir hann rök fyrir því að borgarformið hafi breytt samfélagsháttum. Miðsækið afl hennar telur Acebo hafa valdið lýðfræðilegri samþjöppun og að borgir hafi orðið að þungamiðjum samfélagshátta þar sem einsleitnin vikir fyrir fjölsamsettu samfélagi. Margbreytileikinn verður á þversagnarkenndan hátt forsenda þess að hægt sé að þróa einfalda skilgreiningu á borginni.⁹

Stórborg er staður sem byggist upp sem veraldlegur dvalarstaður. [...] Yfirbragð hennar mótast af verkum einstaklinganna sem þar búa og samfélagsins alls, þó ekki án raunverulegra aðalleikara. Hlutverk mannsins í borgarrýminu er leiðandi. [...] Lífsnauðsynleg samsömun hans í sameiginlegu rými [...] ákvarðar félags- og menningarlega rótfestu hans.¹⁰

Til að auðvelda skilning á fyrirbærinu borg er í *Félagsfræði rótfestunar* að finna eins konar vettvang samræðna milli þeirra sem líta á hana sem uppsprettu athyglisverðrar „þéttbýlismenningar“ og þeirra sem kallaðir eru fylgismenn átakahyggju, þ.e. þeirra sem gagnrýna þéttbýlið fyrir það að þar farnist mannum miður.

Félagsfræðingurinn Ferdinand Tönnies (1855–1936), gjarnan kallaður faðir þýskrar félagsfræði, lagði í skrifum sínum áherslu á mikilvægi félagslegrar samheldni innan borgarmarkanna.¹¹ Tönnies vísar til hugtaksins

⁸ Efni sem Ástráður Eysteinnsson ræðir í bókarkaflanum „Skáldaðar borgir“, *Borgarbrót*, ritstj. Páll Björnsson, Reykjavík: Borgarfræðasetur og Háskólaútgáfan, 2003, bls. 154–174. Þar fjallar hann um firringu og „einsemdina sem verður hvað skæðust innan um mergð af afskiptalausum fólki“, bls. 159.

⁹ Enrique del Acebo Ibáñez, *Félagsfræði rótfestunar*, bls. 27.

¹⁰ Sama rit, bls. 26.

¹¹ Sú nafngift hefur einnig verið notuð um þýska fræðimanninn Max Weber (1864–1920). Weber er ekki hvað síst þekktur fyrir kenningar sínar um siðferði og fjármálastjórnun eins og þær birtast í bókinni *Die protestantische Ethik und der Geist des Kapitalismus* (1905), eða Siðfræði mótmælenda og andi auðhyggjunnar. Sjá t.d.: <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=7598> og <https://www.britannica.com/biography/Max-Weber-German-sociologist> (sótt í júní 2018).

gemeinschaft og með því til fyrri samfélagshátta, til samfélags sem er upprunalegt og einsleitt.¹² Það felur í sér innilegt, afmarkað og náð samband, þar sem góð fjölskyldutengsl eru undirstaða velfarnaðar. Grunnstoðirnar eru þrjár og liggja í ætterni og heimkynnum, því samfélagi sem hver og einn tilheyrir, ásamt því sem menningarbundnir samnefnarar eins og stétt, uppruni, gildismat, hugmyndafræði, o.fl., tryggja samsömun. Sameiginlegur samskiptamiðill, tiltekið tungumál, skapar í þessu samhengi forsendu samfélagstengsla. Borgarsamfélagið er í þessum skilningi safn fjölskyldna sem tengjast. „Í borginni ríkir samloðunarlögmál rýmis og tíma“ [...]. „Tungumál, hefðir, land, byggingar og aðrir fjársjóðir samfélagsins tákna varanlegar einingar sem lifa lengur en kynslóðirnar“ [...].¹³ Land forfeðranna, sem Tönnies vísar til með hugtakinu *heimat*, er staðurinn þar sem öllum líður eins og beinum afkomendum þeirra sem þar voru fyrir og útskýrir að þannig verði til fyrirbærið *þjóð*. Samheldni ræðst af því að einstaklingarnir kjósa sjálfir að tilheyra umræddu samfélagi.¹⁴

Samtímamaður Tönnies, Emile Durkheim (1858–1917), sem gjarnan er vísað til sem föður franskrar félagsfræði, hafði um margt ólíka sýn á borgina og borgarsamfélagið.¹⁵ Hann gerir borgina ábyrga fyrir rofi félagslegra tengsla og rótgróinna siða. Samfélagið kemur á undan einstaklingnum og breytingar fela í sér ógn fyrir heildina. Þorp verður að hverfaskiptri borg og millihópar verða til. „Í flóknum samfélögum er samþættingin tryggð með tilvist millihópa, fyrirtækja og félagasamtaka, sem skipa sér í sæti milli einstaklingsins og ríkisins.“¹⁶ Siðferði felur þannig í sér „tengslin sem binda einstaklinginn við félags hópana sem hann tilheyrir“, og það er fullkomið þegar við „teljum okkur samsama okkur hóp eða hópum samfélags-

¹² Til frekari upplýsinga sjá bók Tönnies, *Gemeinschaft und Gesellschaft: Abhandlung des Communismus und des Socialismus als empirischer Culturformen*, sem út kom í Leipzig árið 1887. Sjá einnig <https://www.britannica.com/topic/Gemeinschaft-and-Gesellschaft> (sótt í júní, 2018). Hér er stuðst við greiningu Acebo eins og hún er sett fram í *Félagsfræði rótfestunnar*, 2007, bls. 39–58.

¹³ Enrique del Acebo Ibáñez, *Félagsfræði rótfestunnar*, bls. 45.

¹⁴ Til frekari upplýsinga sjá t.d. Celia Applegate's, *A Nation of Provincials: The German Idea of Heimat*, Berkeley: University of California Press, 1990.

¹⁵ Til frekari upplýsinga sjá t.d. <https://www.britannica.com/biography/Emile-Durkheim> (sótt í júní, 2018) og <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=60498> (sótt í júní, 2018). Hér er stuðst við greiningu Acebo, *Félagsfræði rótfestunnar*, bls. 59–68.

¹⁶ Sama rit, bls. 61.

ins“.¹⁷ Rótleysi sprettur af því að finnast maður „ekki eiga þar heima“.¹⁸ Skortur verður á félagslegri samsömun og öfgafyllsta birtingarmynd þess verða stjórnlaus örvænting, sjálfsvígshugsanir og ofbeldishegðun.¹⁹

Aðrir vel þekktir félagsfræðingar sem hafa ígrundað áhrif og afleiðingar þess að búa í borgarsamfélagi eru Georg Simmel (1858–1918) og Oswald Spengler (1880–1936). Hugmyndir sínar setti Simmel m.a. fram í ritgerðinni „Die Großstädte und das Geistesleben“ (e. „*The Metropolis and Mental Life*“), árið 1903, og spyr hvað skilningur okkar á þjóðfélagi eða samfélagi (e. *society*) feli raunverulega í sér.²⁰ Hann leggur megináherslu á félagsleg samskipti og tengsl, á tilfinningalíf og samskipti, auk þess að gera tengsl rýmis og félagslegrar tilveru að umtalsefni. Í skrifum hans ræður sú tiltrú að rökhugsun ráði ekki úrslitum um rótfestu eða rótleysi, heldur upplifun og tilfinningaleg viðbrögð við tíma og rúmi. Að einstaklingurinn standi frammi fyrir því að spyrja hvort hann eða hún geti treyst umhverfinu fyrir sér. Lífið, leggur hann áherslu á, er flaumur atburða sem ögra og ógna en umvefja einnig einstaklinginn í borginni. Ótti mannsins við tortryggni veldur einangrun, einstaklingshyggju og leiðir til ofbeldis.²¹ Segja má að Simmel opni umræðuna um borgina og borgarsamfélagið þegar hann beitir félagssálfræðilegum nálgunum við greiningu sína og ryðji braut fyrir heilabrot Spenglers, sem hann setur fram í bókinni *Der Untergang des Abendlandes* (e. *The Decline of the West*), frá 1918.²² Þar ræðir hann mikilvægi heimssögunnar sem eins konar „ævisögu“ hverrar menningar og menninguna sem lífræna heild, sem fæðist, þróast og líður loks undir lok.

¹⁷ Sama rit, bls. 63.

¹⁸ Hugtök eins og „alienation, estrangement, losing touch, uprooting“ eru áberandi leiðarstef í skrifum Emile Durkheim.

¹⁹ Í bók sinni *The City in Literature: An Intellectual and cultural History*, Berkley: U of California Press, 1998, vísar höfundurinn, Richard Lehan, til „cultural entropy“ og gerir „individuals as either alienated and alone“ að umræðuefni, bls. 148.

²⁰ Til frekari upplýsinga sjá ritgerð Georg Simmel, „The Metropolis and Mental Life“, frá 1903, *The Sociology of Georg Simmel*, New York: Free Press, 1976. Ritgerðina má nálgast á: http://www.blackwellpublishing.com/content/bpl_images/content_store/sample_chapter/0631225137/bridge.pdf (sótt í júní 2018). Hér er stuðst við greiningu Acebo, *Félagsfræði róflestunna*, bls. 69–118.

²¹ Fræðimaðurinn Max Weber fjallaði m.a. um borgina í grein sinni „The nature of the city“ og í bókinni *The City* (1921). Sjá: <https://www.britannica.com/topic/The-City-by-Weber> (sótt í júní 2018).

²² Til frekari upplýsinga sjá *The Decline of the West*, New York: Penguin Random House, 2006 og <https://www.britannica.com/topic/The-Divine-of-the-West> (sótt í júní 2018). Hér er stuðst við greiningu Acebo, *Félagsfræði róflestunna*, bls. 119–128.

Rótfesta hvers einstaklings, útskýrir hann, byggir á þremur grunnstoðum, þ.e.; ætt (venslum, kynþætti), rými eða stað (lat. *locus*) og menningu (tungumáli, trú, o.fl.). Þjóðir, ríki, stjórnmál, trúarbrögð, vísindi og listir, telur hann, spretta úr hversdagslegri tilveru mannsins í borginni.²³

Þegar öllu er á botninn hvolft mætti því draga kenningasmíð ofan greindra frumkvöðla saman með orðum Acebo þegar hann bendir á að:

Þjóðfélag [er] *stór félagsleg og staðbundin eining*, þar sem mennirnir starfa saman til þess að lifa efnahags-, félags- og menningarlegu lífi sínu. Þjóðfélag [er] í þessum skilningi mismunandi ef um er að ræða sveitabæ, þorp, lítinn bæ eða litla borg, borg eða borgríki, höfuðborg eða stórborg.²⁴

Þessu til viðbótar og til að undirbyggja umræðuna um birtingarmyndir borgarinnar er vert að beina sjónum að skrifum René König (1906–1992), því hann er umfram aðra upptekinn af borginni sem samfélagi og því hvernig einstök hverfi hennar ramma inn menningu og félagshegðun tiltekinna hópa.²⁵ Í hverju hverfi safnast saman einstaklingar sem persónulega finna til samsömunar með því sem þar er að finna. Hver og einn, ítrekar hann, þrífst í landfræðilegu rými og félagslegu samhengi. Menningarleg eining hverfisins svarar þörf einstaklingsins fyrir afmarkað og staðbundið umhverfi sem er aðgreint frá heildinni. Þau vega upp á móti skaðlegum áhrifum þess nafnlausu skeytingarleysis sem ræður lögum og lofum í stórborgum.²⁶

Samtímamaður König, franskur marxistinn og kenningasmíðurinn Henry Lefebvre (1901–1991), beindi sérstökum sjónum að áhrifum fólksflutninga á þessi sömu samfélög og König veltir fyrir sér. Hann leggur áherslu á lífrænt (e. *organic*) eðli borgarsamfélagsins sem síhvikuls og breytilegs. Í skrifum sínum, t.d. í bókinni *La révolution urbaine* (1970) (e. *The Urban Revolution*), rekur hann byggðaþróun frá borgríkjum miðalda, þar sem tiltekin samþjöppun – eins konar hverfasamfélög – mynduðust innan jafnt sem utan borgarmarkanna.²⁷ Hann útskýrir hvernig þessi samfélög glöt-

²³ Hér tekið úr *La decadencia de occidente*, Vol II, Madrid: ESPASA-CALPE, 1976, bls. 111.

²⁴ Acebo, *Félagsfræði rótfestunar*, bls. 132.

²⁵ Hér er stuðst við greiningu Acebo, *Félagsfræði rótfestunar*, bls. 129–148.

²⁶ Sama rit, bls. 138.

²⁷ Til frekari upplýsinga sjá tímamótaverk Lefebvre, *The Urban Revolution*, þýðing Robert Bononno, Minnesota: U of Minnesota Press, 2003. Hér er stuðst við grein-

uðu mikilvægi sínu í kjölfar iðnvæðingar og hvernig endurreisn þéttbýlis helst í hendur við áherslu á verksmiðjuvæðingu framleiðslunnar og fjöldaframleiðslu. Magn, bendir hann á, verður helsti áhrifavaldur byggðaþróunar. Umskiptin sem verða hverfast um það að borgin missir hlutverk sitt sem miðstöð valds til þess að verða þungamiðja viðskipta og framleiðslu.

Í skrifum sínum beinir Lefebvre sérstakri athygli að stétt og stöðu þeirra sem borgina byggja og bendir á mikilvægt hlutverk hennar sem miðstöðvar félagslegra samskipta.²⁸ Samveru- og samkomustaðir fyrri tíma bendir hann á, voru heimilin, vatnsbólin og akrarnir, en kaffihús, krár, íþróttavellir og menningarmiðstöðvar nú til dags. Samþjöppun atvinnutækifæra, iðnaðaruppbygging, þróun verslunar og viðskipta, fólksflutningar o.fl., hafa stuðlað að því að upprunasamfélagið, hið hefðbundna dreifbýli, sem talið var einkennast af samstöðu og rótfestu, glataði mikilvægi sínu samtímis því sem þéttbýliskjarnar fara að ráða úrslitum um viðmið og áherslur. Sem dæmi má nefna að í Rómönsku Ameríku spretta á miðri 19. öld upp deilur um það sem vísað hefur verið til með hugtökunum siðmenning og frumstæði, eða jafnvel villimennsku, þ.e. „civilización versus barbarie“.²⁹ Upphafning rómantísku stefnunnar á sakleysi, einfaldni og góðmennsku sveitamannsins viku í því samhengi fyrir áherslu raunsæisstefnunnar á alltumlykjandi örbirgð og afleiðingar harðræðis. Umræðan hverfist um það að í borgum búi fágað, menntað fólk og að þar sé vöggur siðmenningar að finna. Í sveitum búi skrælingjar, ófágað og ómenntað fólk sem valdhafar þurfi lítt að ígrunda við ákvarðanatöku um heill þjóða. Átakalínur stjórn mála-, menningar- og menntalífs færðust í kjölfarið frá dreifbýli til þéttbýlis, til borga sem þöndust út á ógnarhraða.³⁰

Auðvelt er að halda því fram að um einfalda tvíhyggju sé að ræða og að þorp og smábærir brúi að einhverju leyti bilið og megi skilja sem ákjósanleg

ingu Acebo, *Félagsfræði rótfestunnar*, bls. 149–158. Meðal annarra verka Lefebvre má nefna: *The Production of Space* (1991), *Everyday Life in the Modern World* (1994), *Introduction to Modernity* (1995), og *Writings on Cities* (1995).

²⁸ Sjá einnig skrif John Reader, *Cities*, New York: Grove Press, 2004. Þar leggur Reader m.a. áherslu á þróun þéttbýlis í Evrópu og hvernig verkaskipting þróaðist á milli ólíkra þjóðfélagshópa og stétta.

²⁹ Domingo Faustino Sarmiento, *Facundo: Civilización o barbarie en las pampas argentinas*, frá 1845, Buenos Aires: Centro Editor de América Latina, 1979.

³⁰ Til frekari upplýsinga sjá t.d. greinargerð Megha Amrith, *Cities for All? Migration and the New Urban Agenda*. New York: UN University, 2016, <https://unu.edu/publications/articles/cities-for-all-migration-and-the-new-urban-agenda.html> (sótt í júní 2018). Sjá einnig Alexandra Ivanovic, Menaal Munshey og Louise Bosetti, *Climate Change and the City*, New York: UN University, 2015.

búsetuform. Jafnvel að hverfamyndun borgarsamfélagsins þjóni svipuðum tilgangi. Maðurinn finni til samsömunar með þeim sem deila með honum afmörkuðu rými. Þar finni hann til samsömunar, viti hver hann er, hvaðan hann kemur og „hvers er vænst af honum og af öðrum“.³¹ Þar sé rófesta hans tryggð. Verði einingin sem hann tilheyrir hins vegar yfirþyrmandi umfangsmikil „stendur hann einn og afskiptalaus“ og rötleysið nær tókum á honum/henni.³²

En hvernig birtist þessi lífsreynsla og tilfinningarnar sem hún elur af sér í ferðasögum, fagurbókmenntum og listum?³³ Þegar sjónum er sérstaklega beint að birtingarmyndum borga í bókmenntum og listum – eins og höfundar greinanna sem hér fylgja hafa gert – og horft er til heimssvæða eða staða eins og þeirra sem undirrituð þekkir hvað best, þ.e. Rómönsku Ameríku, blasir við að gríðarlega útþenslu stórborga álfunnar má rekja til síðbúinnar iðnvæðingar hennar.³⁴ Þekktustu bókmenntaverk álfunnar sem finna má í íslenskum þýðingum og beina sjónum að borgarmyndun eru án efa skáldsögur Gabriels García Márquez, *Hundrað ára einsemd*, í þýðingu Guðbergs Bergssonar og *Hús andanna*, eftir Isabellu Allende, í þýðingu Thors Vilhjálmssonar.³⁵ Umrædd bókmenntaverk hafa í 30 ár verið umfangsmiklir áhrifavaldar um ímyndarsköpun álfunnar hér á landi og athyglisvert að skoða hvað þau segja okkur um birtingarmyndir borga og þau samfélög sem þar er að finna.³⁶

Sé sjónum fyrst beint að *Hundrað ára einsemd* má halda því fram að þar sé byggða- og þróunarsaga álfunnar rakin frá tímum landafunda til miðrar 20. aldar og að söguviðið sé þorpið Macondo. Í upphafi er um að ræða óskipulagða húsabyrpingu á fenjasvæði þar sem fátt markvert gerist nema fyrir tilstuðlan heimsókna gesta sem koma annars staðar frá, hvort heldur

³¹ Acebo, *Félagsfræði rófestunnar*, bls. 21.

³² Sama rit, bls. 21. Ljóðskáldið Kristín Svava Tómasdóttir gerir efnið að umtalsefni í ljóðabók sinni *Blótgætur*, Reykjavík: Bjartur, 2007. Borgin í umfjöllun hennar er hvorki seiðandi né umvefjandi heldur er hún í senn þrúgandi og ógnandi.

³³ Til frekari upplýsinga um birtingarmyndir borga í evrópskum og bandarískum bókmenntum, frá tímum grískra harmleikja til skáldsagna Thomas Pynchon (f. 1937), sjá skrif Richard Lehan, *The City in Literature: An Intellectual and Cultural History*, Berkley: U of California Press, 1998.

³⁴ Sjá t.d. skrif John Reader, *Cities*, bls 138-139.

³⁵ Isabel Allende, *Hús andanna*, þýðing Thor Vilhjálmsson, Reykjavík: Mál og menning, 1987. Gabriel García Márquez, *Hundrað ára einsemd*, þýðing Guðbergur Bergsson, Reykjavík: Mál og menning, 1987.

³⁶ Til frekari upplýsinga sjá t.d.; Hólmfríður Gardarsdóttir, „Kvenlegar ásýndir Rómönsku Ameríku“, *Ritið*, 2/2005, bls. 63–80.

sem í hlut eiga sígaunar, sirkusar, farandgleðikonur eða erlendir ævintýramenn. Breytingar á mannlífi staðarins verða fyrst umtalsverðar þegar ráðist er í síkjagerð og bátakomur verða algengar. Síðar mótast þær af lagningu „gulu járnbrautarinnar“,³⁷ og til Macondo koma vatnamælingamenn, kaupmenn, og vísindamenn eins og „Míster Herbert“,³⁸ og fulltrúi *United Fruit Company*, herra Jack Brown. Lífið í þorpinu sem orðið er að tug þúsund manna bæjarfélagi snýst um það sem gerist hérna megin eða hinum megin við brautarteinana og Tyrkjagötuna svokallaða, þ.e. verslunargötu sem til verður meðfram járnbrautarteinunum.

Aðgreiningin hefur áhrif á íbúasamsetningu, rétt eins og samskiptin og bæjarbragurinn taka stakkaskiptum. Í takt við orð Acebo hér að framan „mótast yfirbragð bæjarins af verkum einstaklinganna sem þar búa og samfélagsins alls, þó ekki án raunverulegra aðalleikara“.³⁹ *United Fruit* verður einn þessara aðalleikara og áhrif alþjóða- og iðnvæðingar skapa spennu og vaxandi átök. „Bananaæðið“⁴⁰ – eins og Guðbergur þýðir það – heltekur bæjarbraginn þar til uppúr sýður og 3000 manns liggja í valnum.⁴¹ Í verki García Márquez fylgjumst við náíð með byggðaþróun Macondo en fáum takmarkaðar fréttir af hversdagslífi íbúa borgarinnar, nokkuð sem Isabel Allende bætir lesendum upp í skáldsögu sinni *Húsi andanna*. En þar deilir hún því hvernig líf yfirstéttarinnar líður fram í Santiago, höfuðborg Síle, á fyrri hluta tuttugustu aldar:

Þeir ríku skemmtu sér við að dansa charleston og við nýja hrynjandi djassins, foxtrott og negra-cúmbíu sem var yndislega laus við allt velsæmi. Nú tókust aftur skipaferðir til Evrópu sem höfðu legið niðri stríðsárin fjögur, og það varð líka tízka að sigla til Norður-Ameríku. Nýlunda golfsins barst og safnaði saman fínasta fólkinu til þess að lemja smábolta með kylfu, eins og indjárnarnir höfðu gert tvöhundruð árum áður á þessum sömu stöðum.⁴²

Hins vegar gerðist það í dreifbýlinu að:

³⁷ Gabriel García Márquez, *Hundrað ára einsemd*, bls. 197.

³⁸ Sama rit, bls. 196.

³⁹ Acebo, *Félagsfræði rötfestunnar*, bls. 26.

⁴⁰ Gabriel García Márquez, *Hundrað ára einsemd*, bls. 198 og 200.

⁴¹ Sama rit, bls. 264 og 269.

⁴² Isabel Allende, *Hús andanna*, bls. 70.

[...] þar voru nýju bílarnir jafn fjarlægur veruleiki og stuttur kjólar, og þeir sem komust hjá sniglaplágu og gin- og klaufaveiki töldu þetta gott ár. Esteban Trueba og aðrir landeigendur héraðsins komu saman í klúbbhúsinu í þorpinu til þess að ráðgera pólitískt starf fyrir kosningarnar. Enn lifðu bændurnir sams konar lífi og á nýlendutím-
anum og höfðu ekki heyrt talað um verkalyðsfélög, né frí á sunnu-
dögum, hvað þá lágmarkslaun.⁴³

Trueba og konurnar í lífi hans, Clara (sem skrifar söguna), Blanca og Alba, búa í „stóra húsinu á horninu“⁴⁴ þar sem allt er til alls og samkvæmislífið blómstrar. Kristalsljósakróna hangir í stásstofunni, fyrrmannlegt bóka-
safn geymir dýrgripi og þung mahónihúsgögn prýða herbergin sem eru mörg. Í húsinu er lifað „siðmenntuðu lífi“.⁴⁵ „Hvenær sem þurfti að hýsa nýjan gest komu sömu múrararnir á vettvang og bættu nýju herbergi við. Þannig varð stóra húsið á horninu líkast völuarhúsi.“⁴⁶

Lífið hverfist um borgarlíf á veturnum og sveitarlíf á bugarði fjölskyldunnar á sumrum, og það er fyrst þegar barnabarn Trueba kemst á unglingsár að umrædd tvískipting tilverunnar rofnar og myndir af úthverfum borgarinnar þröngva sér inn í skipulagið – um leið og óskilgetinn sonur öldungadeildarþingmannsins skýtur upp kollinum.⁴⁷ Nýtt tímabil hefst í lífi fjölskyldunnar og samfélagsins – í stjórnmálum, atvinnuháttum og borgarskipulagi. Hefðbundin aðgreining landsbyggðar og borgar líður undir lok. Iðnaðaruppbyggingin verður allsráðandi og til verða svokölluð „verkamannaúthverfi“. Þar standa lítil „tímurhús, án annarra húsgagna en gormagrinda á fótum með dýnu, trékollar og kassar fyrir borð“.⁴⁸

Þegar fréttir berast af falli Allende forseta árið 1973 segir Allende í bók sinni: „Í snyrtilegum húsunum í Háhverfinu voru flöskurnar opnaðar sem höfðu staðið og beðið í þrjú ár, og skálað fyrir nýjum lögum og reglu. Yfir verkamannahverfunum sveimuðu alla nóttina þyrlur, suðandi eins og flugur úr öðrum heimum.“⁴⁹

⁴³ Sama rit, bls. 71.

⁴⁴ Sama rit, bls. 126.

⁴⁵ Sama rit, bls. 177.

⁴⁶ Sama rit, bls. 223.

⁴⁷ Sama rit, bls. 285–286. Til frekari upplýsinga sjá skrif Simon Parker, *Urban Theory and the Urban Experience: Encountering the City*, London: Routledge, 2004.

⁴⁸ Isabel Allende, *Hús andanna*, bls. 226.

⁴⁹ Sama rit, bls. 367.

Aðgreining okkar og hinna ræðst ekki lengur af borg eða sveit, þéttbýli og dreifbýli, heldur skiptist eftir hverfum og þau standa hvert gegnt öðru, horfast í augu, en ræðast varla við. Stéttskiptingin er rótgróin og ekkert haggar valdastöðu yfirstéttarinnar. Verkamannastéttin kemur sér fyrir í útjaðri borganna og myndar einskonar kruga eða svamp milli bända og aðalsmanna og það er þar sem fjöldasamtök af ýmsum toga spretta upp og róstur sjöunda áratugarins eiga hér uppruna sinn.

Miðsókn valds, sem Acebo gerir að umtalsefni, og tákngerist í valdatöku Pinochets, hefur áhrif á útpenslu jafnt sem samdrátt Santíagóborgar. „Fjöldamenningin“ sem hann kallar svo er í stórborgunum aðgreind eftir hverfum og hverfin eru aðskilin með síkjum, breiðstrætum eða járnbrautarteinum. Hlutverk tiltekinna rýma mótast af íbúunum – efnahag þeirra og aðstæðum. Ójöfnuðurinn og menningarmunurinn, eins og Acebo bendir á, getur af sér öfgakennda einstaklingshyggju. Í skáldsögu Allende birtist hún í ofbeldinu sem óskilgetinn sonur landeigandans beitir frænku sína. Hrottaskapurinn sprettur af því að vera utanveltu. Hver hugsar um sig. Í mörgum síðari verkum rithöfunda frá Rómönsku Ameríku er svipuðum myndum brugðið upp. Kvenpersónur rithöfunda eins og argentínsku skáldkonunnar Susönnu Silvestre í þrileik hennar um ungu stúlkuna úr fátækrahverfinu Retiro, nærri samnefndri járnbrautarstöð í Buenos Aires, sem berst til mennta með því að selja blíðu sína og sofa hjá yfirmönnum, en gengur í sögulok keik niður 25. júlí breiðstrætið (sp. *Avenida 25 de julio*) með stúdentsprófsskírteini í hönd og veit að hún hefur öðlast aðgangsrétt að öðrum hverfum.⁵⁰ Hún á samhljóm við aðalpersónur síleönsku skáldkonunnar Diamelu Eltit sem komast hins vegar aldrei nærri breiðstrætunum. Þær búa í fátækrahverfum, tilheyra samfélagshópi „lumpen“ fólks, þeirra sem minna mega sín, eins og svo kurteislega er sagt á íslensku. Þær eru jaðarsettir einstaklingar. Timburkofar, moldarstígar og flækjuverk öngstræta mynda völundarhúsin sem þær ráfa um, jafnvel þótt sögusviðið sé höfuðborg Síle, Santíagó, við lok 20. og upphaf 21. aldar.⁵¹

⁵⁰ E.t.v. mætti halda því fram að skrif Þórdísar Gísladóttur, t.d. í *Leyndarmálum annarra*, Reykjavík: Bjartur, 2010, komist hvað næst skrifum Susönnu Silvestre. Kvenpersónur höfundar þekkja borgina, skilja umhverfi sitt og kunna að nýta sér það sem borgin hefur uppá að bjóða og forðast það sem varast ber. Þær hafa lengi búið í þessu umhverfi og eru læsar á það.

⁵¹ Sjá einnig birtingarmyndir sambærilegra samfélagsaðstæðna í skáldsögu Miguel Ángel Asturias, *Forseta lýðveldisins* (sp. *El señor presidente*, 1946), þýðing Hannes Sigfússon, Reykjavík: Mál og menning, 1964.

Þessar nýlegu skáldsögur staðfesta ríkjandi ímyndir um stórborgina. Annars vegar sem net skipulagðra og vel hannaðra breiðstræta og flækjuverk sjálfsprottinna íbúakjarna hins vegar. Þær veita lesendum innsýn í líf þeirra sem þar búa. Fjölmeningalegt samfélag sem mótast af tortryggni og óreiðu. Í því samhengi er vert að benda á skáldsöguna *Verndargrip* (sp. *Amuleto*, 1999), eftir Roberto Bolaño, sem nýverið kom út í þýðingu Ófeigs Sigurðssonar.⁵² Þar bregður höfundur upp myndum frá höfuðborg Mexíkó, stórborginni „Ciudad de México“.⁵³ Kaffihúsin á Insurgentes breiðgötunni eru „yndislegir staðir og dýrir“ og hluti af „völundarhúsi Mexíkóborgar“ sem sögumaður hefur ekki villst í síðan 1968.⁵⁴ Hún, Auxilio,⁵⁵ „reikar um strætin og eltir sinn ómannblendna skugga“. Hún heimsækir staði í Bleika hverfinu (sp. *Zona Rosa*) og bar við Varsovia-götu sem sérhæfir sig í „ostum og víni.“⁵⁶ Öðrum degi lýkur í „greni í Guerrero-hverfi“ og með ítölskum ástmanni ráfar hún um la Villa, „heimsækir Coyoacán, kemur við á Tlatelolco torgi, fer að hlíðum Popocatépetl [og] til Teotihuacán“.⁵⁷

Í verki Bolaño mynda breiðstræti samskonar skurðpunkta á milli hverfa og sjást á mynd Serge Comte á forsíðu *Ritsins* að þessu sinni. Höfundurinn kemur aftur og aftur að tilteknum miðpunkti, Tlatelolco torgi, í frásögn sinni frá Mexíkó.⁵⁸ Auxilio er eldri en háskólanemarnir sem hún lýsir sem „kynslóð beint úr opnu sári Tlatelolco, eins og maurar eða söngtífur eða eins og gröftur, en þau höfðu hvorki verið í Tlatelolco né í nokkurri 68-baráttu, krakkar sem voru ekki byrjaðir í framhaldsskóla þegar ég var læst inni í háskólanum í september 68“.⁵⁹ „Þau koma úr neðanjarðarlestarkefni, úr undirheimum Mexíkóborgar, úr holræsakerfinu [...] þetta voru ræs-

⁵² Roberto Bolaño, *Verndargripur*, þýðing Ófeigur Sigurðsson. Selfoss: Sæmundur, 2016. Til upplýsinga sjá: <https://www.forlagid.is/vara/verndargripur/> og <http://hugras.is/2016/11/synisbok-um-hofundareinkenni-roberto-bolano/> (sótt í júní 2018).

⁵³ Til frekari upplýsinga sjá t.d. <https://www.britannica.com/place/Mexico-City> (sótt í júní 2018).

⁵⁴ Roberto Bolaño, *Verndargripur*, bls. 49 og 50.

⁵⁵ Nafn hennar útskýrir höfundur og segir það merkja „aðstoð, hjálp, vernd, úrræði“ (bls. 69). Aðalpersónu Bolaño, flandarann Auxilio, má skilja sem kvenfrelsandi aðalleikara sem hefur mótandi áhrif á umhverfi sitt í takt við hugmyndir Acebo hér að framan.

⁵⁶ Roberto Bolaño, *Verndargripur*, bls. 53.

⁵⁷ Sama rit, bls. 68 og 58.

⁵⁸ Um fjöldamorðin á Tlatelolco torgi árið 1968 má m.a. lesa á: <https://www.britannica.com/topic/Tlatelolco-massacre> (sótt í júní 2018).

⁵⁹ Roberto Bolaño, *Verndargripur*, bls. 79.

isbörn⁶⁰ og með því vísar hún til þess að þau koma annars staðar frá – úr flækjuverki ógnandi öngstræta – úr óskipulagðri óreiðu úthverfa sem halla sér upp við fátækrahverfin sem mynda ystu byggðir borgarinnar.

Aðgreining umræddra heima reglu og óreiðu bregður best fyrir í kafla þar sem sögupersónur verksins sitja sem endranær á bar nærri heim-spekideild UNAM háskólans, reykja, drekka, rökræða og ráða lífsgátuna.⁶¹ Alterego höfundarins, ungskáldið Arturito, frá Síle, ákveður að tími sé kominn til að lækka rostann í helsta hórungangara Guerrero-hverfis og þau leggja af stað gangandi.

Og ég elti þá – segir Auxilio: ég sá þá ganga léttum skrefum eftir Bucareli að Reforma og síðan sá ég þá fara yfir Reforma án þess að bíða eftir grænu ljósi, báðir með sitt hár sem feyktist í næturvindinum [...], síðan byrjuðum við að ganga eftir Guerrero-götu en Guerrero-hverfið líktist kirkjugarði, kirkjugarði árið 2666, kirkjugarði gleymdum undir dauðu eða ófæddu augnloki, ástríðulausu vatnsmagni í auga sem vildi gleyma einhverju en endaði með því að gleyma öllu. [...] Og þá höfðum við þegar farið yfir Alvarado-brúna og höfðum séð glitta í síðustu mannaaurana sem ráfuðu í skjóli myrkursins í San Fernando-garðinn, og ég byrjaði þá að verða verulega taugaóstyrk vegna þess að frá og með þessu augnabliki gengum við satt að segja inn í ríki konungs karlhóranna sem hinn glæsilegi Ernesto (sonur hinnar vinnandi stéttar í Mexíkóborg) óttaðist svo mjög.⁶²

Og rétt eins og Ártúnsbrekkan í örsögu Sigurlínar, járnbrautarteinar Macondo, í *Hundrað ára einsemd*, stóra húsið á horni tveggja breiðstræta í *Húsi andanna*, 25. júlí breiðstrætið í sögum Silvestre frá Buenos Aires og moldarstígarnir í verkum Eltit, kemur Guerrero-gata aftur og aftur fyrir í verki Bolaño sem táknmynd aðgreiningar milli tiltekins heims og annars. Hún verður að óstaðfestum landamærum sem Auxilio getur

⁶⁰ Sama rit, bls. 80.

⁶¹ UNAM (Universidad Nacional Autónoma de México). Um flaggskip mexíkóskra háskóla er að ræða.

⁶² Roberto Bolaño, *Verndargripur*, bls. 88. Vert er að benda á skrif Janet Wolff um „flandrara“ í borgarsamfélögum. Með hugtakinu vísar hún til þeirra sem tilheyra engum tilteknum stað, eiga sér ekki rætur, en þjóna því hlutverki að tengja, bera fréttir, horfa, skoða og ígrunda. Sjá t.d. grein hennar „The Invisible Flaneuse: Women and the Literature of Modernity“, *Theory, Culture and Society* 3/1985, bls. 37–46.

farið yfir því hún er ekki þaðan. Hún kemur jú frá Úrúgvæ. Hún tilheyrir engri stétt, engum samfélagshópi nema e.t.v. drykkfelldum bóhemum og henni er boðið í hús beggja vegna.⁶³ Borgarmyndir stórborga Rómönsku Ameríku, eins og þær birtast í bókmenntum samtímans, snúast þannig um tiltekin hverfi. Í takt við kenningar fræðimannanna sem Acebo vísar til í skrifum sínum sem rædd voru hér að framan eru það breiðstrætin, Ártúnsbrekkurnar, sem aðgreina sögusviðin, aðskilja múginn frá aðalleikurunum og staðfesta orð Richard Lehan um að rétt eins og „bókmenntir ljáðu veruleika borganna lífi, urðu uppstokkanir borgarsamfélagsins til þess að umbreyta bókmenntunum“.⁶⁴

Þegar sjónum er beint að þeim birtingarmyndum borga sem birtast í greinum *Ritsins* að þessu sinni eru þær að sönnu margvíslegar og hverfast sérstaklega um birtingarmyndir í bókmenntum og í almennarýminu. Fremst birtist grein Ástráðs Eysteinsonar um skynjun borgarheimsins. Í „Hlið við hlið. Tapað-fundið í framandi borgum“ er að finna ljóðræna hugleiðingu um birtingarmyndir Reykjavíkur í íslenskum bókmenntum tuttugustu aldar annars vegar og skoðun á umfjöllun Frans Kafka um borgarsamfélagið hins vegar. Ógnir þess, undur og umgjörð um daglegt líf þeirra sem þar búa verða höfundu tilefni til ígrundunar. Í grein sinni beinir Ástráður sjónum að borgarreynslunni. Hann fjallar um þéttleika borga og glufur, um framandleika þeirra og ríkidæmi sem gera borgina að óræðum spegli hvers og eins. Þegar fræðimenn, skáld og listamenn, bendir hann á, fjalla um borgir eða aðra mikilvæga staði í umhverfi mannskepnunnar eru könnuðirnir sjálfir hluti af viðfangsefninu. Þá skiptir saga og samhengi lykilstaða í umheiminum máli, og hvað Íslendinga varðar á það sérstaklega við um Kaupmannahöfn. Ástráður bendir á að borgin hafi verið Íslendingum svo að segja næsti bær og um langa hríð jafnframt því að vera helsta hlið þeirra að hinum ytra heimi, veröldinni handan hafnsins.

Í grein sinni „Varla er til ófrýniligri sjón ...“ rannsakar Marion Lerner ferðaskrif Fjölnismannsins Tómasar Sæmundssonar (1807–1841) frá árunum 1832 til 1837. Í þeim fjallar hann um reynslu sína af evrópskum

⁶³ Hún upplifir það sem Mark Shield kallar „lived social realities“ (2) og Tony Fitzmaurice ítrekar að snúist um rými (e. *space and spaciality*) (19). Til frekari upplýsinga sjá kafla Shield „Cinema and the City in History and Theory“ og kafla Fitzmaurice, „Film and Urban Societies in Global Context“, í bókinni *Cinema and the City: Film and Urban Societies in a Global Context*, Malden MA: Blackwell, 2001.

⁶⁴ Richard Lehan, *The City in Literature*. Þar segir: „literature gave imaginative reality to the city, urban changes in turn helped transform the literary text“ (xv).

borgum þótt meginmarkmið skrifanna sé að útskýra fyrir íslenskum lesendum hvernig stórborgir eru uppbyggðar og hvernig þær virka. Þegar skrif Tómasar eru skoðuð má greina hvernig honum fannst vel heppnuð borg eiga að líta út, hvað honum þótti til fyrirmyndar og hvaða stíl- og fagurfræðileg gildi hann mat mikils. Í greininni birtist yfirlit yfir ferðalög Tómasar og ferðaskrif, úr *Ferðabók* hans, ásamt inngangi, ferðabréfum og tímaritsgrein. Á grundvelli þessara texta er skoðað hvernig Tómas kynnir borgirnar sem hann heimsótti, hverjar hann mat jákvætt og hverjar neikvætt. Hvað þótti honum fallett í borgum og borgarskipulagi og hvað ljótt eða miður heppnað? Dómar hans eru síðar settir í samhengi við athugasemdir hans í öðrum ritum þar sem hann fjallar um fegurð, nytsemi og sannleika í fagurfræðinni. Í lok greinar er framtíðarsýn hans fyrir Reykjavík sett í samhengi við þá þróun sem varð á fyrri hluta 20. aldar.

Í kjölfarið fylgir grein Æsu Sigurjónsdóttur um virkni (e. *agency*) lista í almannarýminu í Reykjavík við ný-kapítalískar aðstæður borgarskipulagsins. Í „Óræð inngrip og pólitísk orðræða í borginni“ beitir Æsa kenningum heimspekingsins Chantal Mouffe um almannarýmið sem átakarými (e. *battleground*) og listina sem órætt (e. *agnostic*) inngrip inn í þetta rými. Hún styðst við kenningar Mouffe þegar hún skoðar hvernig listamenn sýna sannleikann og afhjúpa neytendamiðaða ímyndarsköpun list- og menningarstofnana. Hún spyr um varanlegt gildi myndlistar í opinberu rými og sýnir fram á að hún hverfist ekki lengur um höfundavirkni, form eða merkingu einstakra verka, heldur fyrst og fremst um möguleika þeirra til að hafa gagnrýnin áhrif og vekja pólitíska listumræðu í samfélaginu. Æsa beinir enn fremur sjónum að þeim atlögum sem félagasamtök listamanna og sýningarstjórar hafa ráðist í á undanförunum áratugum ýmist til að virkja borgarrýmið sem sýningarvettvang utandyra eða til að skapa aðstæður sem vekja máls á pólitískum málefnum líðandi stundar. Hún varpar ljósi á það hvernig þessir aðilar hafa með ýmsum leiðum endurskilgreint listhugtakið með það að markmiði að gera vegfarendur að gagnrýnum þátttakendum frekar en neytendum.

Í síðustu greininni sem fellur undir þema heftisins fjallar Kristín María Kristinsdóttir um það hvernig plágan og borgin eru vel þekktir förunautar í bókmenntum. Í „Líkami drengsins sem aldrei var til ...“ gerir Kristín María grein fyrir ýmsum birtingarmyndum svartadauða en beinir því næst athygli að fjölda annarra smitsjúkdóma sem hafa ógnað lífi og heilsu borgarbúa víða um heim. Sá mannskæðasti var influensufaraldur,

spænska veikin svokallaða, sem braust út árið 1918 og er talin hafa lagt yfir fimmtíu milljónir manna að velli. Kristín María gerir að umtalsefni að hér á landi hafi verið skrifaðar tvær skáldsögur sem fjalla um farsóttina, þ.e. *Sælir eru einfaldir* (1920) eftir Gunnar Gunnarsson og *Mánasteinn: Drengurinn sem aldrei var til* (2013) eftir Sjón. Meginmál greinarinnar hverfist í kjölfarið um greiningu á lífi sögupersónu Sjóns, drengsins Mána Steins, haustið 1918 og líkamsorðræða verksins skoðuð með hliðsjón af kenningum Judith Butler, Mary Douglas og Michel Foucault. Í ljósi þess að Máni Steinn er samkynhneigður er líkami hans á skjön við hugmyndir þess tíma um hvað telst heilsteypur og heilbrigður líkami. Hann er frávik frá hinum „heilbrigða“, gagnkynhneigða líkama og það ógnar borgarsamfélaginu sem leitast við að útskúfa Mána. En koma spænsku veikinnar til Reykjavíkur umturnar viðmiðum samfélagsins og afbyggir viðteknar hugmyndir. Aðgreining heilbrigðra og smitaðra þurrkast út og líkaminn verður vettvangur þar sem ósættanlegar andstæður renna saman. Í óreiðu-ástandi spænsku veikinnar verða landamæri líkamans óskýr og mörk samfélagsins verða að sama skapi fljótandi.

Af framsögðu er ljóst að í *Ritinu* að þessu sinni bætast enn fleiri í hóp þeirra fjölmörgu sem beint hafa sjónum að undrum og ógnum borgarsamfélagsins í aldanna rás. Þeirra sem skynja og skilja borgir sem bjóðandi, ógnandi, seiðandi og fráhrindandi, – til viðbótar við þá flækjukenndu óreiðu sem þar ríkir og forsíðumynd Serge Comte gerir svo góð skil. Og þótt umræðan hverfist gjarnan um hversdagslíf mannfólksins sem í borginni býr eða skipulagsmál, þá beinir Halldóra K. Thoroddsen athyglinni að öðrum íbúum borga í kvæði sínu „Af ferðum kattarins“.⁶⁵ Þar segir hún:

Í haustlituðum stráum
glitti í feld rándýrsins
hann virtist í brýnum erindagjörðum
stefndi markvisst í norðurátt
eins og hann þyrfti að mæta á áriðandi fund.

⁶⁵ Halldóra K. Thoroddsen, „Af ferðum kattarins“, *Ljóð í leiðinni: Skáld um Reykjavík*, Reykjavík: Meðgönguljóð, 2013, bls. 18.